**Til sambandsaðila ÍSÍ**

**Reykjavík, 16. mars 2023**

**Efni: 76. Íþróttaþing ÍSÍ**

**Ágætu félagar!**

Eins og áður hefur komið fram þá verður 76. Íþróttaþing ÍSÍ haldið **dagana 5. – 6. maí nk.** Þingið verður haldið í Ólafssal, Íþróttamiðstöðinni Ásvöllum í Hafnarfirði. Áætlað er að þingsetning verði kl. 15:00.

Á þinginu verður ekki kosið um forseta en kosið verður um helming framkvæmdastjórnar, alls sjö meðstjórnendur, til fjögurra ára.

**Helstu lykildagsetningar eru:**

- Tillögur sem óskast teknar fyrir á Íþróttaþingi, skulu hafa borist framkvæmdastjórn ÍSÍ fjórum vikum fyrir þing, **þ.e. 5. apríl nk**.
- Tilkynningar um framboð til framkvæmdastjórnarkjörs skulu berast kjörnefnd Íþróttaþings ÍSÍ eigi síðar en þremur vikum fyrir Íþróttaþing, **þ.e. 14. apríl nk.**
- Eigi síðar en tveimur vikum fyrir Íþróttaþing ÍSÍ, **þ.e. 21. apríl nk**. skal ÍSÍ senda aðilum dagskrá þingsins, reikninga, fjárhagsáætlun og tillögur sem borist hafa ásamt þeim tillögum sem ÍSÍ hyggst leggja fyrir þingið.

Búið að stofna undirsíðu á vefsíðu ÍSÍ þar sem þinggögn verða einnig aðgengileg:
https://isi.is/um-isi/ithrottathing-isi/ithrottathing-isi-2023/

**Með kveðju,**
**ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**

Lárus L. Blöndal
forseti

Andri Stefánsson
framkvæmdastjóri